

Fimmtudaginn 29. október 1987.

Nr. 91/1987. **Ákærvaldið**

(Hallvarður Einvarðsson ríkissaksóknari)

gegn

**Halldóri Lárusi Péturssyni og**

(Páll Arnór Pálsson hrl.)

**Kristgeiri Hákonarsyni**

(Sigurður Georgsson hrl.)

Skjalafals. Sönnun. Sératkvæði.

### **Dómur Hæstaréttar.**

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Magnús Thoroddsen, Guðmundur Skaftason, Guðrún Erlendsdóttir og Magnús Þ. Torfason og Gaukur Jörundsson settur hæstaréttardómari.

Héraðsdómi var að ósk ákærðu skotið til Hæstaréttar með stefnu 19. febrúar 1987, en meðákærðu í héraði vildu hlíta héraðsdómi. Dóminum er áfrýjað til þyngingar af hálfu ákærvalds.

Sakarefnum er lýst í hinum áfrýjaða dómi.

Fallast ber á rök héraðsdómara fyrir því að ákærðu hafi staðið að fölsun tékkanna og verið með í för til að selja þá. Staðfesta ber sakarmat í héraðsdómi og færslu atferlis ákærðu til refsíákvæða.

Með dómi Hæstaréttar í málinu nr. 102/1987, sem upp var kveðinn fyrr í dag, var ákærða Halldóri Lárusi Péturssyni dæmt fangelsi í 12 mánuði vegna brota á 248. gr. almennra hegningarlaga framinna í febrúar 1984, en með þeim brotum rauf hann jafnframt skilyrði reynslulausnar sem honum var veitt 4. júní 1983. Að þessu athuguðu og ennfremur með vísan til 72. gr. almennra hegningarlaga að því er varðar ákærða Halldór verður staðfest ákvörðun í héraðsdómi um refsingu ákærðu.

Staðfesta ber ákvæði héraðsdóms um sakarkostnað og dæma ákærðu in solidum til greiðslu áfrýjunarkostnaðar svo sem í dómsorði greinir. Málsvarnarlaun eru ákveðin án söluskatts.

### **D ó m s o r ð:**

Hinn áfrýjaði dómur skal vera óraskaður.

Ákærði Halldór Lárus greiði málsvarnarlaun til skipaðs verj-

anda síns, Páls Arnórs Pálssonar hæstaréttarlögmanns, 16.000,00 krónur. Ákærði Kristgeir greiði málsvarnarlaun til skipaðs verjanda síns, Sigurðar Georgssonar hæstaréttarlögmanns, 16.000,00 krónur. Annan áfrýjunarkostnað, þar með talin saksóknarlaun í ríkissjóð, 16.000,00 krónur, greiði ákærðu in solidum.

**S é r a t k v æ ð i**  
**hæstaréttardómaranna Magnúsar Thoroddsen og**  
**Guðrúnar Erlendsdóttur.**

Við erum ósammála dómsatkvæði meirihlutans af ástæðum þeim, er hér greinir:

Ákærðu hafa staðfastlega neitað að hafa framið þau brot, sem þeir eru ákærðir fyrir. Rithandarrannsókn fór ekki fram í máli þessu. Þeir þrír menn, sem voru meðákærðir í héraði, hafa borið að þeir hafi verið undir áhrifum áfengis og/eða vímuefna, er brotin voru framin. Minni þeirra á atburðum var því óglögg og framburðir hvarflandi og óábyggilegir. Þeir voru fyrst yfirheyrðir hjá Rannsóknarlögreglu ríkisins 14. september 1984, þ.e. 18 dögum eftir ákæruatburðina. Þegar þetta er haft í huga, verður að telja að svo mikill vafi leiki á um sekt ákærðu að rétt sé að sýkna þá í máli þessu með skírskotun til 108. gr. laga nr. 74/1974. Eftir þessum málalokum ber samkvæmt 3. mgr. 146. gr. laga nr. 74/1974, að vísa skaðabótakröfu Vörumarkaðarins h/f frá dómi. Allur sakarkostnaður, bæði í héraði og fyrir Hæstarétti, greiðist úr ríkissjóði samkvæmt 140. gr. 1. mgr. laga nr. 74/1974.

**Dómur sakadóms Reykjavíkur 18. desember 1986.**

Ár 1986, fimmtudaginn 18. desember, er á dómþingi sakadóms Reykjavíkur, sem haldið er að Borgartúni 7 af Ingibjörgu Benediktsdóttur saka-dómara, kveðinn upp dómur í sakadómsmálinu nr. 661-665/1986: Ákæruvaldið gegn X, Halldóri Lárusi Péturssyni, Kristgeiri Hákonarsyni, Y og Z, sem tekið var til dóms þann 1. þ.m.

Málið er höfðað með ákæru dagsettri 10. febrúar 1986 gegn ákærðu X, Halldóri Lárusi Péturssyni sjómanni, Meistaravöllum 17, Reykjavík, fæddum þar í borg þann 6. mars 1958, Kristgeiri Hákonarsyni sjómanni, Hjarðarhaga 38, Reykjavík, fæddum þar í borg þann 28. janúar 1956, Y

og Z „fyrir tékkafals framið í Reykjavík mánudaginn 27. ágúst 1984 með því að hafa staðið saman að fölsun og notkun á eftirgreindum 2 tékkum, rituðum á eyðublað frá aðalbanka Búnaðarbanka Íslands og gefnum út til handhafa með útgefandanafnrituninni Sigtryggur Albertsson:

Tékki nr. 4464213, kr. 11.500. Ákærði X framvísaði tékkanum í sölu-skyni í Vörumarkaðinum, Ármúla.

Tékki nr. 4464214, kr. 7.500. Ákærði X seldi tékkann í Vörumarkaðinum við Eiðistorg á Seltjarnarnesi.

Telst þetta varða við 1. mgr. 155. gr. almennra hegningarlaga nr. 19, 1940.

Þess er krafist, að ákærðu verði dæmdir til refsingar og til greiðslu skaðabóta og alls sakarkostnaðar.”

Málavextir eru þessir:

Mánudaginn 27. ágúst 1984 var óskað lögregluástoðar að Vörumarkaðinum við Ármúla hér í borg vegna manns sem framvísað hafði ávísun að fjárhæð kr. 11.500 er hann kom að peningakassanum með vörur fyrir kr. 1.800. Er afgreiðslustúlkan hugðist kanna hvort innistæða væri fyrir tékkanum í banka tók maðurinn til fótanna. Menn frá RLR komu á staðinn og lögðu hald á varning þann sem maðurinn hugðist festa kaup á, m.a. gosflösku. Samkvæmt skýrslu Ragnars Vignis aðstoðaryfirlögregluþjóns, dags. þann 30. ágúst sama ár, fundust fingraför á gosflöskunni, m.a. af umræddri afgreiðslustúlku. Þá segir í skýrslunni: „Við samanburð á fingraförum sem eftir voru við fingraför X kom í ljós að eitt farið af pepsi cola flöskunni er af þumalfingri vinstri handar X.“ Hér er átt við ákærða X, en hann var á skrá í fingrafarasafni RLR.

Ákærði X var handtekinn og yfirheyrður hjá RLR þann 14. september sama ár vegna rannsóknar máls þessa. Í skýrslu undirritaðri af honum kannaðist hann í fyrstu ekki við ofangreindan tékka, en hann er ritaður á eyðublað nr. 4464213 frá aðalbanka Búnaðarbanka Íslands, gefinn út til handhafa með útgefandanafnrituninni Sigtryggur Albertsson. Við nánari umhugsun kvaðst hann vilja breyta framburði sínum. Þeir meðákærðu Y, Halldór Lárus („Dolli“) og strákur kallaður „Krissi“ eða „Kiddi“ hefðu verið ásamt honum á heimili meðákærða Halldórs Lárusar að Meistaravöllum. Kiddi eða Krissi hafi útfyllt ofangreindan tékka að fjárhæð kr. 11.500 og annan að fjárhæð kr. 7.500. Það hafi annaðhvort verið þessi strákur eða Halldór sem hafi verið með tékkaeyðublaðin. Halldór Lárus hafi beðið hann (X) að skipta tékkunum og hafi hann átt að fá fyrir það áfengi. Þeir Y, Halldór Lárus og strákurinn hafi farið á bifreið Halldórs Lárusar í stóra verslun í nýlegu húsi á Seltjarnarnesi. Halldór hafi beðið hann um að kaupa þar ýmsa matvöru fyrir rúmlega 1.000 kr. Ákærði kvaðst hafa skrifað nafnið Einar Lúðvíksson aftan á tékkann áður en hann fór inn í verslunina, en þar framvísaði hann jafnframt sjúkrasamlagsskirteini með því nafni er

hann seldi tékkann. Er hann hafði selt tékkann eins og um var rætt lét hann Halldór Lárus hafa vörurnar og peningana sem fengust til baka fyrir tékkana. Þá var ekið að Vörumarkaðinum við Ármúla og þar sýndi hann ofangreindan tékka að fjárhæð kr. 11.500. Þennan tékka hafi hann einnig framselt með sama nafni og áður, og það hafi hann gert áður en hann fór inn í verslunina. Hann hafi keypt svipaðan varning og áður, en þegar afgreiðslustúlkan fór að athuga hann nánar hafi hann hlaupið út. Í framhaldi af þessu hafi verið farið í „Ríkið” og þar keypt áfengi og drykkju fram haldið á heimili Halldórs Lárusar. Ákærði kannaðist við nafnritun sína á framsali tékka nr. 4464213.

Við yfirheyrslu fyrir dómi kannaðist ákærði X ekki við að hann hefði framselt tékkana. Hins vegar kannaðist hann við að hann hefði um þessar mundir framvísað tveim tékkum, öðrum í Vörumarkaðinum við Eiðistorg en hinum í Vörumarkaðinum við Ármúla, og hafi þessir tékkar verið útfylltir á heimili meðákærða Halldórs Lárusar að honum og meðákærða viðstöddum. Ákærði kannaðist ekki við nafn meðákærða Kristgeirs, en þarna hafi verið staddur maður sem kallaður er Kiddi. Þá minntist ákærði þess að þeir hafi allir farið saman á bifreið í ofangreindar tvær verslanir, og taldi hann að Halldór Lárus hafi átt hana. Ákærði minntist þess að hann hefði hlaupið út úr Vörumarkaðinum við Ármúla, svo og þess að hann hafi verið kominn með einhverjar vörur í hendurnar. Hann minntist þess ekki hver hefði útfyllt tékkana. Þá er ákærða var kynnt skýrsla hans fyrir RLR kvaðst hann einskis frekar minnst og kvaðst ekki geta borið um það hvort rétt væri eftir honum haft í skýrslunni. Taldi hann það rangt að hann hefði framselt tékkana. Hann kannaðist við nafnritun sína undir skýrsluna. Hann kvaðst lengi hafa verið undir áhrifum vímuefna um þær mundir er þetta átti sér stað.

Ákærði Y hefur borið að hann hafi verið staddur á heimili meðákærða Halldórs Lárusar þá er tékki nr. 4464213 var útfylltur. Hann hafi komið þangað umrætt sinn og voru þá þar fyrir ákærði X, bróðir ákærða, Kristgeir og Z. Hann sá Halldór Lárus draga upp tékkhefti og vissi hann ekki að til stóð að falska tékka. Halldór Lárus hafi útfyllt a.m.k. tölustafina á öðrum tékkanum, en einhver hinna annað og meðákærði Kristgeir hafi útfyllt a.m.k. annan tékkann. Við yfirheyrslu hjá RLR kvaðst ákærði hafa séð annan tékkann, og hafi hann verið að fjárhæð kr. 7.500 - 8.500, en fyrir dómi bar hann að það hafi verið tékki að fjárhæð kr. 11.500, sem hann sá. Er honum var bent á þetta misræmi kvaðst hann hafa munað atburði betur við lögreglu yfirheyrslu, enda langt um liðið, og hefði hann þar skýrt frá sannleikanum samkvæmt. Ákærði bar að Halldór Lárus hafi spurt sig hvort hann vildi taka þátt í að falska tékkana, en hann hafi neitað því og sagt, sem rétt var, að hann væri á skilorði.

Í framhaldi af þessu hafi þeir allir farið á bifreið Halldórs Lárusar og var ekið að Vörumarkaðinum á Seltjarnarnesi. Minnti hann að Halldór Lárus hafi beðið X að kaupa þar matvöru. X hafi farið þangað inn og selt annan tékkann. Þeir hinir hafi beðið fyrir utan á meðan. Minnti hann að X hafi látið Halldór hafa peninga þá, sem afgangs urðu, en matvælin voru sett í farangursgeymsluna. Þá hafi verið ekið að Vörumarkaðinum við Ármúla og þar hafi X líka farið inn með tækka. Lögreglan hafi verið fyrir utan og því hafi þeir hinir farið úr bíl Halldórs Lárusar og ekið í leigubifreið til heimilis Halldórs Lárusar. Þó geti verið að þeir hafi orðið viðskila við Z.

Ákærði Z hefur játað að hann hafi ritað nafnið Sigtryggur Albertsson sem útgefanda á tækka nr. 4464214 þá er hann var staddur umrætt sinn á heimili Halldórs Lárusar ásamt meðákærðu. Þeir hafi allir fimm staðið saman að fölsun beggja tékkanna, en hver hafi skrifað hvað á tékkana viti hann ekki að öðru leyti en því sem hann sjálfur ritaði. Þá bar hann á sama veg og ákærði Y um ferð þeirra ákærðu í bifreið Halldórs Lárusar og sölu tékkanna.

Ákærðu Halldór Lárus og Kristgeir hafa allt frá fyrstu staðfastlega neitað að þeir hafi átt þátt í fölsun eða sölu ofangreindra tækka, og kannast hvorugur við að hafa verið með hinum ákærðu á heimili Halldórs Lárusar umrætt sinn eða að þeir hafi farið í margumrædda bílferð, þegar tékkunum var skipt. Við sampröfun fyrir dómi héldu þeir svo og ákærðu Z og Y fast við sinn fyrri framburð og ekki náðist frekara samræmi í framburði þeirra. Þó vildi ákærði Z ekki fullyrða að ákærði Y hefði tekið þátt í fölsun eða sölu tékkanna, en hann hafi verið með þeim hinum bæði á heimili Halldórs Lárusar og í bifreiðinni. Hefði hann staðið í þeirri meiningu að hann hefði staðið í þessu með þeim.

Samkvæmt upplýsingum RLR fór ekki fram rithandarrannsókn í máli þessu hjá RLR. Slík rannsókn fór ekki heldur fram fyrir dómi, enda hefðu málsúrslit að mati dómarans ekki oltið á slíkri rannsókn svo sem máli þessu er háttað.

Aðfinnsluvert er hins vegar að við rannsókn málsins hjá RLR var ekki hirt um að samprófa ákærðu þrátt fyrir að þá þegar var ljóst að mikið ósamræmi var í framburðum ákærðu Halldórs Lárusar og Kristgeirs annars vegar og hinna ákærðu hins vegar.

Þegar litið er til framburðar ákærðu X, Y og Z þykir, þrátt fyrir neitun ákærðu Halldórs Lárusar og Kristgeirs, sannað að ákærðu X, Z, Halldór Lárus og Kristgeir stóðu saman að fölsun beggja tékkanna, þótt ekki sé sýnt hver þeirra útfyllti hvað á tékkunum að öðru leyti en því sem ákærðu hafa játað, svo og að sömu stóðu saman að því að nota báða tékkana svo sem lýst er í ákæru. Þegar hins vegar er litið til framburðar ákærðu þykir

ekki gegn neitun ákærða Y fyllilega sannað að hann hafi tekið þátt í fölsun og notkun tékkanna og verður hann því sýknaður af öllum kröfum ákæruvaldsins í máli þessu.

Brot ákærðu X, Halldórs Lárusar, Kristgeirs og Z varðar við 1. mgr. 155. gr. almennra hegningarlaga.

#### *Sakarferill ákærðu:*

Samkvæmt sakavottorði ákærðu og öðru því, sem fyrir liggur, hafa ákærðu sætt þessum kærnum og refsingum:

Ákærði Halldór Lárus:

Árið 1973 var ákæru frestað skb. í 2 ár á hendur honum vegna þjófnaðar. Frá árinu 1974 hefur hann gengist 9 sinnum undir dómsátt, þar af fjórum sinnum fyrir fikniefnabrot. Þá hefur hann hlotið þessa refsidóma:

- 1974 28/8 45 daga fangelsi skb. í 3 ár fyrir nytjastuld og ölvun og réttindaleyfi við akstur. Jafnframt sviptur rétti til ökuleyfis.
- 1975 4/7 1 árs fangelsi fyrir skjalafals, þjófnað, þjófnaðartilraun, hylmingu, nytjastuld, tilraun til nytjastuldar og ölvun og réttindaleyfi við akstur. Sviptur rétti til að öðlast ökuleyfi í 2 ár.
- 1976 23/2 4 mánaða fangelsi fyrir þjófnað, skjalafals og nytjastuld.
- 1979 22/2 30 daga fangelsi fyrir þjófnaðartilraun.
- 1980 21/11 60 daga fangelsi fyrir hylmingu.
- 1980 24/11 Sakfelldur fyrir þjófnað. Ekki gerð refsing.
- 1981 11/5 20 mánaða fangelsi auk 15.000 kr. sektar fyrir brot gegn 173. gr. alm. hgl.
- 1982 22/2 50 daga varðhald (hegningarauki) fyrir fikniefnabrot.
- 1982 25/5 Dómur Hæstaréttar að því er varðar dóm frá 11/5 1981: 16 mánaða fangelsi auk 20.000 kr. sektar fyrir brot gegn 173. gr. alm. hgl. og l. um ávana- og fikniefni.
- 1984 10/10 40 daga varðhald fyrir ölvun og réttindaleyfi við akstur. Sviptur rétti til að öðlast ökuleyfi ævilangt.

Ákærði Kristgeir:

Árið 1973 var ákæru frestað á hendur honum skb. í 2 ár vegna þjófnaðar. Hann hefur frá sama ári 5 sinnum gengist undir dómsátt vegna umferðar-, áfengis- og fikniefnabrota. Þá hefur hann hlotið þessa refsidóma:

- 1977 19/9 Sekt fyrir ölvun og réttindaleyfi við akstur o. fl. umferðarlaga-brot. Sviptur rétti til að öðlast ökuleyfi ævilangt.
- 1981 16/1 Sekt fyrir ölvun og réttindaleyfi við akstur o. fl. umferðarlaga-brot. Sviptur rétti til að öðlast ökuleyfi ævilangt.
- 1982 22/2 50 daga varðhald skb. fyrir fikniefnabrot.
- 1983 22/3 4 mánaða fangelsi fyrir fikiefnsbrot.

1983 5/7 Sekt fyrir ölvun og réttindaleysi við akstur.

1983 7/12 1 mánaðar fangelsi (hegningarauki) fyrir ölvun og réttindaleysi við akstur.

*Viðurlög:*

Samkvæmt 60. gr. almennra hegningarlaga verður hinn skilorðsbundni hluti refsingar ákærða X samkvæmt dóminum frá 23. apríl 1985 felldur inn í refsingu þá, sem honum verður nú ákveðin. Þykir refsing hans með hliðsjón af 77. gr. og 78. gr. alm. hegningarlaga hæfilega ákveðin 3 mánaða fangelsi.

Þar sem rannsókn hófst eigi í máli þessu, að því er ákærða Halldór Lárus varðar, með þeim hætti, sem áskilinn er í 1. mgr. 42. gr. alm. hegningarlaga nr. 19/1940, sbr. 3. gr. 1. nr. 16/1976, verða eftirstöðvar refsingar, 171 dagur, sem honum var veitt reynslulausn á í 2 ár þann 4. júní 1983, ekki teknar upp í dómi þessum. Með hliðsjón af sakarferli hans og 77. gr. og 78. gr. alm. hegningarlaga verður refsing hans ákveðin 3 mánaða fangelsi.

Samkvæmt sakavottorði ákærða Kristgeirs og bréfi dómsmálaráðuneytisins til dómsins kemur fram að hann fékk þann 26. júní 1984 reynslulausn á 75 daga eftirstöðvum 4 mánaða fangelsisrefsingar samkvæmt dómum uppkveðnum 22. mars 1983 og 7. desember sama ár.

Með háttsemi þeirri, sem fjallað er um í dómi þessum hefur ákærði Kristgeir rofið skilorð framangreindrar reynslulausnar. Ber því samkvæmt 1. mgr. 42. gr. hegningarlaga nr. 19/1940, sbr. 3. gr. 1. nr. 16/1976 að ákveða að refsing sú sem ákærða verður nú ákvörðuð taki bæði til eftirstöðva refsingar samkvæmt ofangreindri reynslulausn og brota þeirra sem ákærði er nú sakfelldur fyrir. Þykir refsing ákærða með hliðsjón af 77. gr. alm. hegningarlaga og því, sem nú hefur verið rakið hæfilega ákveðin 4 mánaða fangelsi.

Samkvæmt 60. gr. almennra hegningarlaga verður hinn skilorðsbundni hluti refsingar ákærða Z samkvæmt dóminum frá 13. júlí 1984 felldur inn í refsingu þá, sem honum verður nú ákveðin. Þykir refsing hans með hliðsjón af 77. gr. alm. hegningarlaga hæfilega ákveðin 4 mánaða fangelsi.

Af hálfu Vörumarkaðarins hf. hefur verið lögð fram skaðabótakrafa vegna tékka nr. 4464214 að fjárhæð kr. 7.500. Eru ákærðu X, Halldór Lárus, Kristgeir og Z dæmdir til greiðslu kröfunnar in solidum.

Þá eru ákærðu X og Kristgeir dæmdir til að greiða in solidum skipuðum verjanda sínum Sigurði Georgssyni hrl., kr. 20.000, og ákærði Halldór Lárus til að greiða skipuðum verjanda sínum, Haraldi Blöndal hrl., kr. 8.000. Annan sakarkostnað greiði ákærðu X, Halldór Lárus, Kristgeir og Z in solidum.

## D ó m s o r ð:

Ákærði X sæti 3 mánaða fangelsi.

Ákærði Halldór Lárus Pétursson sæti 3 mánaða fangelsi.

Ákærði Kristgeir Hákonarson sæti 4 mánaða fangelsi.

Ákærði Z sæti 4 mánaða fangelsi.

Ákærði Y er sýknaður af öllum kröfum ákærvaldsins í máli þessu.

Ákærðu X, Halldór Lárus, Kristgeir og Z greiði in solidum Vöru-  
markaðinum hf. kr. 7.500.

Ákærðu X og Kristgeir greiði in solidum skipuðum verjanda sínum,  
Sigurði Georgssyni hrl., kr. 20.000 í málsvarnarlaun.

Ákærði Halldór Lárus greiði skipuðum verjanda sínum, Haraldi  
Blöndal hrl., kr. 8.000 í málsvarnarlaun.

Annar sakarkostnað greiði ákærðu X, Halldór Lárus, Kristgeir og  
Z in solidum.

---